


Reykjavík 21.nóvember 2016.

## Yfirlýsing frá Félagi skólastjórnenda í Reykjavík

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík lýsir yfir áhyggjum af því ástandi sem er að skapast í grunnskólum borgarinnar vegna óánægju kennara með kjör sín. Að undanfögnu hafa borist fréttir af uppsögnum kennarara vegna þessarar óánægju og það er mat félagsins að nauðsynlegt sé að bregðast skjótt við þessari stöðu áður en skaðinn verður enn meiri og alvarlegri en nú þegar er orðinn.

Stjórnin skorar á borgaryfirvöld að beita sér fyrir því á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga að samið verði við FG á þann hátt að kennsla í grunnskólum geti talist samkeppnishæf við önnur þau störf sem kennurum standa til boða og mörg hver útheimta minni ábyrgð og álag en kennsla gerir.

F.h. Félags skólastjórnenda í Reykjavík,



Magnús Þór Jónsson, formaður.